



Áhrif vetrarþjónustu á umferðaröryggi

Dr. Skúli Þórðarson, verkfræðingur
Björn Ólafsson, Þjónustudeild Vegagerðarinnar

Bakgrunnur

Vegagerðin tekur þátt í Evrópusamvinnuverkefninu COST 353 sem fjallar um *stjórnkerfi vetrarþjónustu og umferðaröryggi á evrópskum vegum*. Tilgangur þess eru upplýsingamiðlun og samstarf veghaldara og annarra hagsmunaaðila vetrarþjónustu á evrópskum vegum. Meginmarkmiðið er samhæfing stjórnkerfa vetrarþjónustu til þess að bæta umferðaröryggi.

Leiðir til þess að ná þessum markmiðum eru m.a. þær að Evrópuríki bæti samfelldni í skilgreiningum á hugtökum í vetrarþjónustunni á milli svæða, og samhæfing þjónustustaðla að ákveðnu marki að teknu tilliti til svæðisbundinna aðstæðna og veðurfars.

Tilgangur vetrarþjónustu á vegum er að stuðla að áreiðanlegum og öruggum vegasamgöngum að vetrarlagi. Það verkefni sem greint er frá hér á eftir tengist markmiðum COST 353 á þann hátt að hér er um að ræða athugun á aðferðafræði til þess að meta áhrif vetrarþjónustunnar á umferðaröryggi.

Verkefnið

Í stuttu máli gengur verkefnið út á að kanna forsendur fyrir því að nýta gögn úr daglegri skráningu Vg til þess að auka skilvirkni og árangur í vetrarþjónustu með aukið umferðaröryggi að leiðarljósi. Varpað er fram þeirri kenningu að með því að tengja saman gögn úr slysaskrá, ferilvöktun vetrarþjónustubíla, og lýsingu á færð eins og hún kemur fram í upplýsingaþjónustukerfum hverju sinni, megi meta öryggislegan ávinning af einstökum þáttum vetrarþjónustunnar og e.t.v. nýta arfaksturinn til þess að bæta stjórnkerfi vetrarþjónustu.

Í slysaskrá Umferðarstofu voru valin út slys á Reykjanesbraut veturna 2004-2005 og 2005-2006 þar sem ástandi vegar skv. slysaskýrslu hefur verið lýst sem *vetrarfærð*, eða að metin orsök slyss er *slæm færð*. Í aðdraganda og í kjölfar þessara slysa (ca. 5 tímar fyrir og 3 tímar eftir) voru könnuð umsvif í vetrarþjónustu og einnig útgefnar upplýsingar um færð.

Þegar gögnin hafa verið sett upp á grafískan hátt á tímaás er unnt að skoða á auðveldan hátt samspil færðarlýsingar frá upplýsingaþjónustu og hálkuvana og snjósmoksturs. Hér eru dæmi um tvö slys eða óhöpp:



Í myndunum tákna blár þríhyrningur tíma slyss gulir punktar tákna tíma hákuvarna. Lárétta, litaða lína efst á myndinni sýnir færðarlýsingu upplýsingaþjónustu með þeim litakóðum sem þar eru notaðir:°



(í dæmunum hér á eftir er búið að skyggja auðkennisnúmer slyss í slysaskrá og dagsetningu slyss)

